



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Sjötti fundur stjórnar Judosambands Íslands

Haldið í skrifstofu JSÍ Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal ásamt „Teams“

mánudag 5. maí 2025 kl. 20:00.

Mættir eru:

Gísli F. Egilson, Formaður stjórnar

Daníela Rut Daníelsdóttir, Varaformaður (Teams)

Sigmundur Magnússon, stjórnarmaður (Teams)

Björn Hjaltested Gunnarsson, Gjaldkeri (Teams)

Alexandra Lis, Ritari

Eyjólfur Orri Sverrisson, varamaður no 2 ritaði fundargerð

Pormóður Árni Jónsson var einnig mættur fyrir hönd afreksmála.

Fjarverandi:

Ásgeir Ásgeirsson, stjórnarmaður

Ægir Valsson, stjórnarmaður

Logi Haraldsson, varamaður no 1

Ásbjörn Blöndal, varamaður no 3

Gísli F. Egilson formaður JSÍ setur fund, kynnir dagskrá fundar sem hafði verið send á stjórnarmeðlimi fyrir fund.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar var ekki klár og því ekki lögð fram að þessu sinni, en verður tekin til greina á næsta fundi.

2. Fjármál.

Staða nokkuð góð, öll lán greidd og engar útistandandi skuldir. Laun hafa verið greidd.

3. NM 2025 og GSSE 2025

Norðurlandamót verður haldið næstu helgi, en keppendur ferðast á fimmtudag, mót er síðan laugardag og sunnudag. Keppendur fara á eigin kostnað en 14 keppendur frá Íslandi eru skráðir.

Smáþjóðaleikarnir í Andorra eru síðan 25-29 maí, en 9 keppendur munu fara á þá leika.

4. Þróunar-/útbreiðsluverkefni.

Gísli er að vinna að því að fá fund með svæðastjórum íþróttamála á austurlandi og Ísafirði og kynna fyrir þeim Judo, en markmið er að koma Judo í barna og grunnskóla, en þeir vellir sem JSÍ er að fá geta nýst vel í þetta verkefni.



5. Starfsmannamál.

Gísli ætlað að skoða umgjörð landsliðsþjálfara, en Þormóður og Ægir verða honum innan handar, en móta þarf frekar verklag með afreksmál að leiðarljósi.

6. Nefndir.

Dómaranefnd – Þarf að funda með nefnd en skortur er á dómurum.

Mótanefnd – Ný afstaðið Íslandsmót var vel heppnað, en gamla höllin hentar mjög vel fyrir okkar viðburði.

Afreksnefnd – ÍR var með æfingabúðir s.l helgi sem heppnaðist mjög vel.

7. Judoþing 2025

Ætlað var að halda þing í byrjun maí, en ársreikningar liggja ekki fyrir og er verið að leggja lokahönd á að klára þá. Ársskýrslu þarf einnig að huga að, en Daníel Reynisson hefur sett hana saman undanfarin ár, og þarf að hafa samband við hann og athuga hvort hann sé liðtækur til aðstoðar.

Af þeim sökum verður ekki hægt að hafa þing fyrir en um mánaðamót maí júní.

Lokadagsetning verður kynnt síðar þegar mál klárast.

Afreksnefnd vinnur að því að uppfæra afreksstefnu JSÍ og leiðir afreksstjóri þá vinnu.

8. IJF þing 2025

IJF þing er í Budapest 11.06.2025. Gísli mun fara á þingið, en gott væri ef hægt væri að koma því við að senda annan mann með þar sem mikilvægt er auka almenn tengsl og efla sambönd sem við eigum á þessum vettvangi.

9. Önnur mál.

Umræða var um fréttáflutning RÚV af Íslandsmóti en engar fréttir voru frá viðburði eftir mót. Leggja verður meiri áherslu á að fá pláss hjá RÚV þegar svona viðburðir eru á vegum JSÍ.

Ný afstaðið Íslandsmót var vel heppnað en skoða þarf hvort hægt sé að skipuleggja betur með t.a.m gátlistum til að auðvelda skipulag.

Afreksstefnu mál voru rædd, en Svíar eru framalega í þeim málaflokki og má skoða þeirra stefnu frekar til samanburðar, <https://judo.se/vision-2030/>.

Almenn umræða var um markaðs og útbreiðslumál, en spurning hvort betur sé að aðskilja afreksstefnu frá útbreiðslumálum og setja framtíðarsýn sem lýðisíprótt í fastar skorður.

10. Næsti fundur ákveðinn miðvikudag 21 maí 2025 kl 20:00

Fundi slitið um 21:50

Gísli F. Egilson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir fund.